

Slátrun hjá Dýrfiski ehf. á Þingeyri.

Fyrsta slátrun hjá Dýrfiski ehf. á eldisfiski, sem þeir hafa í kvíum á Haukadalsbótinni svonefndri, hófst 16. nóvember. Slátrað var um 2 tonnum. 18. nóvember renndi svo Dýrfiskur, nýr bátur í eigu félagsins, að bryggju með önnur tvö tonn. Bátur þessi kom til Þingeyrar 6. nóvember síðastliðinn í fyrsta sinn til nýrra eigenda þ.e. Dýrfisks. Fiskurinn sem er regnbogasilungur eða "Íslendingur" ættaður frá Laxalóni, er slægður og þrifinn hjá Vísi hf., ýsaður í kór og fluttur þannig suður samdægurs. Er hér um tilraunslátrun að ræða sem getur gefið af sér mörg störf hér á Þingeyri í framtíðinni, og eru Dýrfirðingar mjög ánægðir með þetta framtak. Þegar þetta er ritað hefur félagið slátrað um 50 tonnum af regnbogasilungi. [www.thingeyri.is](http://www.thingeyri.is)